

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Oddur Örnólfsson, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir, Elsa María Guðmundsdóttir og Júlía Þorvaldsdóttir.

**Afboða, mæta ekki :** Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Hilmar Örn Jónasson

**Fundur 19.10.2021 settur kl. 18.00.** Fundurinn var haldin í húsaáskynnum SSÍ.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

## 2. Mót og starfsemi

a. Það er mikið búið að gerast síðustu vikur.

- IMOC var haldið í Laugardalslaug 18-19 september keppendur voru um 50 talsins.
- NOM – Norðurlandammót Garpa var haldið í Laugardalslaug 8-9 október. 130 keppendur mættu til leiks og þar af voru um 50 erlendir keppendur.
- Álag við mótahald hefur aukist mikið og ljóst að það verður að skipuleggja mótahald á vegum SSÍ upp á nýtt. Hugmyndir voru ræddar og skiptað í starfshóp sem mun skila tillögum á næsta fundi. Framkvæmdastjóri og formaður hitta mótastjóra og fara yfir málin.
- Fulltrúar úr stjórn SSÍ sátu framhaldsþing ÍSÍ helgina 8 og 9. október. Þingið fór vel fram og að vanda voru fjörugar umræður. Mörg verkefni bíða niðurstöðu nefndarvinnu innan sambandsins sem getur haft áhrif inn í hreyfinguna í heild sinni.
- Námskeið í skyndihjálp og björgun fyrir þjálfara verður haldið 30. okt n.k. Finnbjörn Aðalheiðarson mun halda námskeiðið að vanda. Finnbjörn mun einnig halda námskeið fyrir Norðan 23. okt.
- Framkvæmdastjóri, formaður og yfirmaður landsliðsmála áttu fund með Ómari Einarssyni sviðsstjóra ÍTR og Hjálmari Sveinssyni borgarfulltrúa, formanni menningar- og íþróttar- og tólmstundaráðs og Árna Jónssyni yfirmanni Laugardalslaugar. Á fundinum, sem var mjög gagnlegur, voru aðallega rædd málefni tengd mannvirkjum, þjódarleikvangi, sundiðkun og sundkennslu. Í stuttu máli var beiðni okkar að ef það væru málefni innan borgarinnar sem kæmu að sundi þá voru aðilar borgarinnar hvattir til að setja sig í samband við SSÍ þar sem innan okkar vébanda væri greiður aðgangur að því fólki sem þekkti málefni íþróttarinnar best. Vonum við að búið sé að stytta boðleiðir að borgarkerfinu með þessum fundi.
- Til stendur að setja af stað átak í nóvember sem er hluti af „Be Active“ herferðinni. Forskrift herferðarinnar er Syndum í kringum Ísland og geta þátttakendur unnið til verðlauna. Átakið, sem er heilsuáttak, er unnið í samvinnu ÍSÍ og styrktaraðilar eru Lýsi og Speedo.

b. Mót framundan

- ÍM25 fer fram 12.- 14 nóvember í Ásvallalaug
- Bikar fer fram 17.- 18 desember í Reykjanesbæ.

- IMOC 22 í Ásvallalaug í maí 2022
- AMÍ 2022 verður haldið í Reykjanesbæ

### 3. Afreksmál

- Vinnuhópur er að störfum varðandi AMÍ og SMÍ. Hópurinn stefnir að því kynna niðurstöður sínar um miðjan nóvember en hefur þegar beðið um tillögur og upplýsingar inn í vinnu sína. Hópin skipa: Arna Þórey, Eyleifur, Hilmar Smári, Kjell og Mladen.
- Það eru mörg verkefni framundan næstu mánuði og þau helstu eru:
  - EM25 í Kazan 2. – 7 nóvember 2021. Eftirfarandi sundfólk og starfsmenn fara í verkefnið

Nafn	Félag	Greinar
Anton Sveinn Mckee	SH	50 bringa, 100 bringa, 200 bringa
Snæfríður Sól Jórunnardóttir	Aalborg	50 skrið, 100 skrið, 200 skrið
Steingerður Hauksdóttir	SH	50 skrið, 50 bak, 100 bak
Eyleifur Jóhannesson	SSÍ	Fararstjóri og þjálfari
Unnur Sædís Jónsdóttir	SSÍ	Sjúkraþjálfari / Nuddari

- ÍM25 í Ásvallalaug daganna 12-14 nóv.
- NM 3-5. Des í Stokkhólmi. Hægt verður að ná lágmarkum á ÍM25.
- HM25 Abu Dhabi 13. – 18 des 2021
- Næsta æfingahelgi framtíðarhóps er áætluð 15-16. janúar 2022. Valið verðu í hópinn eftir ÍM25.
- Æfingabúðir landsliðshópa í 2-15 á Tenerife í 2.-12. febrúar.

### 4. Fundargerðir nefnda

### 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Svava Björg Lársudóttir	Árman	Fjölnir	17.09.2021	17.10.2021
Aron Þór Jónsson	Erlendis	Breiðablik	19.10.2021	19.10.2021

*Félagaskiptin eru staðfest. Minnt er á að keppendur í félagaskiptaglugga geta ekki synd á mótum á meðan félagaskiptagluggi er opinn.*

### 6. Staðfesting meta

#### 50 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Engin met lágu fyrir fundinum					

#### 25 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Meyjarmet					
50m flugsund	Elisabet Arnoddsdóttir	ÍRB	00:31:53	25.09.2021	RVK
100m flugsund	Elisabet Arnoddsdóttir	ÍRB	01:10:59	02.10.2021	Reykjanesbæ

## 7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
17.09.2021	Starfshópar ÍSÍ	ÍSÍ
21.09.2021	FINA Water Polo World League 2022	FINA
21.09.2021	RED rannsóknarverkefni	ÍSÍ
22.09.2021	Fina Scholarship program	FINA
24.09.2021	Len Congress	LEN
24.09.2021	Framhaldsþing ÍSÍ	ÍSÍ
28.09.2021	Hungarian Artistic swimming cup	HF
28.09.2021	Official nomination Kazan EM25	LEN
28.09.2021	LEN open water cup 2022	LEN
28.09.2021	Viðburðarhald og Sóttvarnir	ÍSÍ
04.10.2021	LEN Calendar 2022	LEN
05.10.2021	Framhaldsþing ÍSÍ	ÍSÍ
05.10.2021	FINA Reform Committee report endorses key strategic recommendations	FINA
06.10.2021	Framlenging á gildandi sóttvarnarlögum	ÍSÍ
07.10.2021	Financial Contribution Kazan	LEN
08.10.2021	Covid support letter	LEN
08.10.2021	Nordic Championship	Svenska
09.10.2021	Samskiptaráðgjafi Kynningarferð	SP
11.10.2021	Fina reform Committee report	FINA
12.10.2021	Sambandsþing UMFÍ	UMFÍ
13.10.2021	Approved Official	AQ
15.10.2021	LEN artistic swimming clinic	LEN

### Önnur mál:

- Lögð var fyrir tillaga vinnuhóps sem skilgreint hefur hlutverk nefnda innan sambandsins. Í vinnuhópnum sátu Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður SSÍ, Leifur Guðni stjórnarmaður, Ingibjörg Kristinsdóttir formaður Fjölnis. Farið var yfir tillögurnar. Ákveðið var að bíða með að virkja þessar tillögur þar sem að nefnd á vegum ÍSÍ er að fjalla um málefni þessu tengdu fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni skilar niðurstöðum sínum. Sú vinna getur haft áhrif á hlutverk nefnda hjá SSÍ. Þeirri vinnu á að vera lokið fyrir 1. Mars 2022.
- SSÍ hefur borist Covid styrkur frá LEN
- Uppfæra þarf heimasíðu. Formaður fer yfir síðuna og kemur með tillögur.
- Hörður Oddfríðarson sat fund LEN í Búdapest í lok september. Hörður gerði grein fyrir fundinum.
- Formaður átti fjarfund með NSF í dag þar sem hagsmunamál voru rædd. Formaður gerði grein fyrir fundinum.